



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Svar við fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um forgangsakreinar

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 13. september 2023 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Óskað er eftir upplýsingum um forgangsakreinar strætisvagna í Reykjavík. Þar komi fram sundurliðað yfirlit um staðsetningu þeirra, lengd og hvað ár þær voru lagðar. Einnig upplýsingar um kostnað við lagningu þeirra á núvirtu verðlagi.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar þann 20. september 2023.

Svar:

Ekki hefur verið haldið utan um hvaða ár forgangsakreinar hafa verið lagðar en hægt er að sjá þróun þeirra á loftmyndum í borgarvefsjá. Að sama skapi hefur ekki verið haldið sérstaklega utan um kostnað við gerð þeirra. Forgangsakreinar hafa oft verið útbúnar í tengslum við önnur verkefni og ekki hefur verið haldið sérstaklega utan um þann kostnað sem verður við gerð forgangsakreina fyrir strætó. Of tímafrekt er að vinna þær upplýsingar og því er þeim lið fyrirspurnarinnar sem snýr að kostnaði ekki svarað.

Lausleg rýni í borgarvefsjá sýnir að forgangsakreinar strætisvagna í Reykjavík eru eftirfarandi.

- Miklabraut 2530m, 2017, 2012, <2010
- Lækjargata 220m, <2010
- Kalkofnsvegur, 175m, 2018
- Bústaðavegur 120m, 2016 og 2020
- Grensásvegur 85m, <2010
- Suðurlandsbraut 132m, <2010
- Kringlumýrarbraut 72m, <2010
- Laugavegur 80m, 2013, <2010
- Sæbraut/Kleppsvegur 300m, <2010
- Nauthólsvegur 55m, 2019
- Flugvallavegur 55m, 2019



Reykjavíkurborg

Lengd þeirra og framkvæmdaár eru áætluð út frá borgarvefsjá og er nákvæmnin eftir því. En samanlögð lengd þeirra er áætluð um 3,8 km og stærstur hluti þeirra var gerður fyrir árið 2010.

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngustjóri